

## Auglýsing um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra

### *I. Kafli. Hvammstangi:*

1. Umferð um Brekkugötu viku fyrir umferð á Hvammstangabraut en hefur forgang gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Ásbraut.
2. Umferð um Hlíðarveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.
3. Umferð um Hvammaveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.
4. Umferð um Hvammstangabraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.
5. Umferð um Höfðabraut nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema af Brekkugötu og Lækjargötu.
6. Umferð um Kirkjuveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hlíðarvegi.
7. Umferð um Klapparstíg nýtur forgangs gagnvart umferð af Strandgötu úr norðri.
8. Umferð um Lækjargötu nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hvammstangabraut og Brekkugötu.
9. Umferð um Spítalastíg njóti forgangs gagnvart umferð af Nestúni.
10. Umferð um Norðurbraut njóti aðalbrautarréttar gagnvart umferð af aðliggjandi götum.
11. Umferð um Miðtún njóti forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Norðurbraut.
12. Umferð um Kirkjuhvammsveg njóti forgangs gagnvart umferð um Laufásveg.
13. Bifreiðastöður eru bannaðar við eftirtaldar götur, Hvammstangabraut og Norðurbraut beggja vegna, Strandgötu frá Húnaþingi að Klapparstíg beggja vegna, Fífusundi að austanverðu og Mánagötu að vestanverðu.
14. Umferð um Strandgötu njóti forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum þó ekki af Klapparstíg en viku þar fyrir umferð af Klapparstíg.
15. Stöður vöruflutningabifreiða og stærri bifreiða eru bannaðar í íbúðarhverfum nema til losunar og lestunar.
16. Stöðvunarskylda skal vera á gatnamótum Hvammstangabrautar og Lækjargötu beggja vegna, gatnamótum Lækjargötu og Brekkugötu, gatnamótum Hlíðarvegs og Norðurbrautar.
17. Hámarkshraði ökutækja á Hvammstanga er 50 km/klst. nema í Fífusundi, Mánagötu og Garðavegi norðan Brekkugötu verði 30 km/klst.

### *II. Kafli. Laugarbakki:*

1. Umferð um Miðfjarðarveg njóti forgangs á allar aðliggjandi götu og stíga.
2. Umferð um Skeggjagötu nýtur forgangs gagnvart umferð af Höfðagötu.
3. Stöður vöruflutningabifreiða eru bannaðar í íbúðarhverfum nema til losunar og lestunar.
4. Hámarkshraði ökutækja á Laugarbakka verði 50 km.

### *III. Kafli. Reykjatangi við Hrutafjörð:*

1. Umferð um Reykjaskólaveg víki fyrir umferð á þjóðvegi en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum.
2. Hámarkshraði umferða á Reykjatanga er 50 km/klst. nema á Skólavegi verði 30 km/klst.

### *IV. Kafli. Borðeyri við Hrutafjörð:*

1. Umferð um Borðeyrarveg víki fyrir umferð á þjóðvegi (Strandavegi) en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum.
2. Hámarkshraði umferðar á Borðeyri verði 30 km/klst.

### *V. Kafli. Gildistaka:*

Reglur þessar um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra sem settar eru samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra sem staðfest var af lögreglustjóranum á Blönduósi þann 18. janúar 2010. Samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. júní 2012 og staðfest af lögreglustjóranum á Blönduósi.

Lögreglustjórinn á Blönduósi,  
2. ágúst 2012.

**Bjarni Stefánsson.**